



Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410, hér eftir nefnd sveitarstjórn, og oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson, kt. 270576-5089, hér eftir nefndur sveitarstjóri, gera með sér svofelldan

Ráðningarsamning um starf oddvita og sveitarstjóra

1. gr.

Verksvið sveitarstjóra fer eftir sveitarstjórnarlögum nr. 138 frá 2011, með síðari breytingum.

2. gr.

Um almenn starfskjör og réttindi sem ekki eru tilgreind frekar í samningi þessum fer eftir kjarasamningi félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS) þ.m.t. réttindi um orlof, lífeyrisréttindi og annað sem þar kemur fram. Ótekið orlof síðastliðins orlofsárs fellur niður skv. gr. 4.3 í fyrrgreindum kjarasamningi.

3. gr.

Ein föst mánaðarlaun eru greidd fyrir sameiginlegt starf oddvita og sveitarstjóra. Þau fylgja þingfararkaupi sem er við undirritun 1.285.411 kr. Sveitarstjóri fær ekki greitt fyrir yfirvinnu né fyrir setu á fundum í sveitarstjórn. Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í nefndum á vegum sveitarfélagsins. Vinnutími sveitarstjóra getur verið sveigjanlegur.

4. gr.

Sveitarstjóri fær greitt fyrir afnot af eigin bifreið í þágu sveitarfélagsins ef ferðast er út úr sveitarfélaginu, samkvæmt framlagðri akstursdagbók. Greitt er fyrir ekinn kílómetra samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins á hverjum tíma. Kostnaður við síma sveitarstjóra skal greiddur úr sveitarsjóði.

5. gr.

Kostnaður sveitarstjóra vegna viðveru á fundum, í tengslum við námskeið í þágu sveitarfélagsins og annað sem við kemur störfum hans á vegum sveitarfélagsins skal greiddur úr sveitarsjóði samkvæmt framlögðum reikningum.

6. gr.

Samningurinn gildir til loka yfirstandandi kjörtímabils 2022-2026 og lýkur þá án uppsagnar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á samningstímanum er 3 mánuðir.

7. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og skal annað þeirra varðveitt í skjalasafni sveitarfélagsins. Samningurinn gildir frá 1. júní 2022.

Árnesi 15. júní 2022


f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


Haraldur Þór Jónsson

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 15. júní 2022.